

hins skipaða talsmanns áfrýjandans, er ákveðast 10 krónur, greiðist af almanna-fje.

Sókn málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og laun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, Halldórs yfirkennara Friðrikssónar, að upphæð 10 krónur, greiðist af almanna-fje.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 12/1887.

H. O. Fischer
 gegn
 Concordíu Gísladóttur.

D ó m u r :

Hinn 21. dag ágústmán. 1886 var í máli því, sem hjer er áfrýjað, fyrir gestarjetti að Súðavík í Ísafjarðarsýslu kveðinn upp sá dómur, að málinu, sem H. O. Fischer kaupmaður á Ísafirði hafði höfðað gegn Concordíu Gísladóttur á Tröð út af verzlunarskuld, skyldi vísað frá rjettinum, og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur kaupmaður H. O. Fischer skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. febr. 1887, og krafizt, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim í hjerað til dóms-áleggingar í aðal-efninu, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi

eptir mati landsyfirdómsins. Hin stefnda hefur ekki mætt fyrir landsyfirdóminum og enginn af hennar hendi.

Ástæða hjeraðsdómarans fyrir frávísun málsins er sú, að umboðsmaður sækjanda hafi ekki verið bær um að flytja málið, með því hann ekki sje þeim kostum búinn, er N. L. 1—9—15, 4—8—1 og tilskipun 15. ágúst 1832, 15. grein, sbr. tilskipun 20. jan. 1797, 25. grein, heimti. En hjeraðsdómargjörðirnar bera alls ekki með sjer, að þessi ástæða hjeraðsdómarans eigi við nein rök að styðjast, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan, að því er snertir frávísun málsins, og að vísa málinu heim aptur í hjerad til dóms-áleggingar í aðal-efninu. Að því er kemur til ákvæðis hjeraðsdómsins um málskostnað, þá er ekki fram komin nein krafa um breyting á því, og ber því að svo miklu leyti að staðfesta hjeraðsdóminn. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin stefnda eptir atvikum áfrýjanda með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal að því leyti frávísun málsins snertir vera ómerkur, og ber hjeraðsdómaranum að taka málið fyrir á ný og leggja á það dóm í aðal-efninu. Um málskostnað í hjeradi skal hjeraðsdómnum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin stefnda, Concordía Gísladóttir, áfrýjandanum, H. O. Fischer, með 15 krónum.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.